

Mál nr. 309/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 27. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. október 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 4. nóvember 2020 hafi M, er hann var að störfum fyrir X, orðið fyrir slysi. M hafi verið að vinna við bútsög og hlífín á söginni hafi staðið á sér án þess að M tæki eftir því. Þegar M hafi sótt spýtu hafi hanski hans fest í söginni með þeim afleiðingum að hann slasaðist á hendi. Lögregla var kölluð á vettvang og liggur skýrsla hennar, dags. 16. nóvember 2020, fyrir nefndinni. Er þar haft eftir M að hann hafi lokið við að saga spýtu og slökkt á söginni. Hafi hönd hans þá runnið til og lent undir sagarblaðinu þar sem hlífín á söginni hafi ekki farið niður. Þá kemur fram að lögregla hafi rætt við starfsmann Vinnueftirlitsins sem hafi ekki talið þörf á að koma á vettvang. Í málskoti kemur fram að M hafi aðeins verið búinn að vinna við sögina í nokkra daga fyrir slysið og hafi ekki þekkt til þessa veikleika hennar en samstarfsmaður hans hafi vitað að hlífín ætti til að standa á sér en ekki varað M við því. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjóns síns en V hafnaði kröfu hans með bréfi dags. 27. janúar 2022 á grundvelli þess að við skoðun hefði ekkert fundist að hlífinni og virkni hennar hefði verið eðlileg. Byggir M kröfu sína á því að ljóst sé að slys hans sé að rekja til vanrækslu X á því að gæta fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustað en ljóst sé að mikil hætta hafi stafað af söginni þar sem öryggisbúnaður hennar stóð á sér. Sú skylda hvíli á vinnuveitanda að útvega starfsfólki tæki sem ógni ekki öryggi þess eða heilsu. Vísar M til ákvæða laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglna settra með stoð í þeim máli sínu til stuðnings. Þar sem slys M hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en daginn eftir, og því ekki til samræmis við 79. gr. laga nr. 46/1980, beri þá að leggja til grundvallar frásögn M af atvikum, þ.m.t. frásögn hans um vitneskju samstarfsmanns hans um vanbúnað sagarinnar.

Í bréfi V til nefndarinnar er lýst þeirri afstöðu að slys M verði ekki rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X geti borið ábyrgð á gagnvart M. Um óhappatilvik hafi verið að ræða. Slys M hafi verið tilkynnt til lögreglu, og komi fram í skýrslu hennar að starfsmaður Vinnueftirlitsins hafi ekki talið þörf á því að koma á vettvang. Í lögregluskýrslu komi ekkert fram um að sögin hafi verið vanbúin heldur hafi verið talið að sag eða eitthvað annað hafi skapað fyrstöðu sem leitt hafi til þess að blaðhlífín fór ekki strax niður. X hafi þá sent sögina til skoðunar þjónustuaðila og hafi ekkert athugavert komið fram um virkni hlífarrinnar við þá skoðun. Þá hafi X ekki haft vitneskju um hugsanlega bilun eða vanbúnað á umræddri sög áður fyrir slys M.

Álit.

Af því sem kemur fram í lögregluskýrslu, tilkynningu til Vinnueftirlitsins, og tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 15. janúar 2021, virðist ekki um það deilt að umrætt sagarblað hafi staðið á sér af einhverjum ástæðum. Leiðir það eitt og sér ekki til þess að bótaskylda úr ábyrgðartryggingu X sé fyrir hendi. Sönnunarbyrði þess að tjón hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri ábyrgð á hvílir samkvæmt almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar á M. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Samkvæmt fyrirliggjandi bréfi Vinnueftirlitsins, dags. 20. nóvember 2020, barst tilkynning frá X hinn 5. nóvember 2020. Þá kemur jafnframt fram í fyrirliggjandi lögregluskýrslu að lögregla hafi á slysdagi haft samband við starfsmann Vinnueftirlitsins sem ekki hafi talið ástæðu til vettvangsrannsóknar. M byggir á því vanræksla X á að tilkynna um slysið hafi leitt til þess að Vinnueftirlitið hafi ekki getað

rækt skyldu sína til rannsóknar skv. 81. gr. laga nr. 46/1980. Verður samkvæmt framansögðu ekki fallist á það. Verður því ekki séð að vikið verði frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að slys M hafi ekki verið tilkynnt réttilega. M byggir þá m.a. á því að samstarfsmaður hans, sem hafi vitað að hlífín ætti til að standa á sér, hafi ekki varað hann við því. Engin frekari gögn liggja þó fyrir um það og verður M samkvæmt framansögðu að bera hallann af því. Er þá ekki sýnt fram á að virkni sagarinnar að þessu leyti hafi verið óeðlileg eða ófullnægjandi fyrir umrætt atvik, og samkvæmt fyrirbyggjandi bréfi þjónustuaðila, dags. 26. janúar 2022, er lýst viðgerð á geirungssög sem var yfirfarin og smurð og framkvæmdar á henni viðgerðir sem voru ótengdar hlífinni. Verður þá ekki séð að gerðar hafi verið athugasemdir við hlífina fyrir slysið, eða að X hafi mátt vera ljóst að slyshætta væri af notkun hennar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að slys M verði rakið til annarra aðstæðna eða atvika sem X beri ábyrgð á. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að tjón M sé að rekja til atriða sem X ber bótaskyldu vegna og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir